

I	EES-STOFNANIR	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
4.	Ráðgjafarnefnd EES	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
III	EB-STOFNANIR	
1.	Ráðið	
2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/24/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5377 – SNCF-VFE P/Bolloré/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . .	1
2009/EES/24/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5467 – RWE/Essent).	2
2009/EES/24/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5515 – RWE Innogy/RheinEnergie/Stadtwerke München/MAN Ferrostaal/Marquesado Solar) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2009/EES/24/04	Ríkisaðstoð – Pólland (87.–89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins) – Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans – Tilkynning afturkölluð – Málsnúmer C 47/2008 (áður N 270/08) – Aðstoð til endurskipulagningar í fyrirtækinu Przędzalnia Zawiercie, Póllandi	4
2009/EES/24/05	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (tilkynning um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennt er við „Coulommiers“)	4
2009/EES/24/06	Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til ákvæða 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.	5

2009/EES/24/07	Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til ákvæða 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Leitarsvæði F12	6
2009/EES/24/08	Sértæk auglýsing eftir tillögum – EAC/24/09 – Háskólasamningur Erasmus-áætlunarinnar – Áætlun um símenntun	7
2009/EES/24/09	Yfirlit um bandalagsáskvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. mars 2009 til 31. mars 2009	8

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/24/01

(Mál COMP/M.5377 – SNCF-VFE P/Bolloré/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. maí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem frönsku fyrirtækin Voyage France Europe Partenaires („VFE P“), sem tilheyrir SNCF-samsteypunni og lýtur yfírráðum franska ríkisins, og Bolloré SA öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfírráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki í Frakklandi.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - VFE P: farþegaflutningar á járnbrautum í Frakklandi og í öðrum löndum
 - SNCF: farþega- og fraktflutningar á járnbrautum
 - Bolloré SA: eignarhaldsfélag með starfsemi í sex mismunandi greinum: i) iðnaðarframleiðslu, ii) birgða- og flutningaþjónustu, iii) dreifingu á oliuvörum, iv) fjarskiptum og fjölmiðlun, v) plantekrurekstri og vi) umsýslu eignasafns
 - Sameiginlega fyrirtækið: markaðsfærsla og rekstur netþjónustu og fjölmiðlunarrása í háhraðalestum í Frakklandi og í öðrum löndum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 108, 12. maí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5377 – SNCF-VFE P/Bolloré/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5467 – RWE/Essent)

2009/EES/24/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. apríl 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið RWE Aktiengesellschaft öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu Essent N.V.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - RWE: raforka og jarðgas
 - Essent: raforka, jarðgas og húshitun
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 106, 8. maí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5467 – RWE/Essent, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/24/03****(Mál COMP/M.5515 – RWE Innogy/RheinEnergie/Stadtwerke München/MAN Ferrostaal/Marquesado Solar)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. maí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin RWE Innogy, sem tilheyrir þýsku samsteypunni RWE, RheinEnergie, Stadtwerke München og MAN Ferrostaal, sem lýtur yfirráðum International Petroleum Investment Company í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í spænska fyrirtækinu Marquesado Solar.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - RWE Innogy: raforkuframleiðsla með endurnýjanlegum orkugjöfum
 - RheinEnergie: framleiðsla og sala á raforku, jarðgasi og vatni á Kólnarsvæðinu í Þýskalandi
 - Stadtwerke München: framleiðsla og sala á raforku, jarðgasi og vatni á Münchensvæðinu í Þýskalandi; almenningssamgöngur á Münchensvæðinu
 - MAN Ferrostaal: hönnun og bygging iðjuvera og tilheyrandi þjónusta
 - Marquesado Solar: rekstur sólarorkuvers til raforkuframleiðslu á sunnanverðum Spáni
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 110, 14. maí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5515 – RWE Innogy/RheinEnergie/Stadtwerke München/MAN Ferrostaal/Marquesado Solar, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Ríkisaðstoð – Pólland**2009/EES/24/04****(87.–89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)****Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans –
Tilkynning afturkölluð****Málsnúmer C 47/2008 (áður N 270/08) – Aðstoð til endurskipulagningar í fyrirtækinu
Przędzalnia Zawiercie, Póllandi**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta formlegri rannsókn á ofangreindri aðstoð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans, sem hófst 10. desember 2008, með vísan til þess að stjórnvöld í Póllandi afturkölluðu tilkynningu um aðstoðina 19. janúar 2009 og hyggjast leggja niður áform um þessa aðstoð.

**Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og
ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka
og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾****2009/EES/24/05**

*(Tilkynning um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennt er við
„Coulommiers“)*

Fyrirtækið Toreador Energy France, sem er skráð að 9, rue Scribe, F-75009 Paris, hefur með umsókn frá 6. nóvember 2008 farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem kennt er við „Coulommiers“, til olíu- og gasleitar á svæði sem er hér um bil 329 km² og liggur í sýslunni Seine-et-Marne.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mættast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum í nýgráðum hér fyrir neðan. Notast er við NTF (Nouvelle Triangulation de la France) og talið frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

Hornpunktur	Lengd	Breidd
A	0,70	54,40
B	0,80	54,40
C	0,80	54,30
D	1,10	54,30
E	1,10	54,20
F	0,92	54,20
G	0,92	54,21
H	0,90	54,21
I	0,90	54,22
J	0,81	54,22
K	0,81	54,20
L	0,70	54,20
M	0,70	54,33
N	0,71	54,33
O	0,71	54,34
P	0,73	54,34
Q	0,73	54,35
R	0,74	54,35
S	0,74	54,37
T	0,70	54,37

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að leggja fram samkeppnisumsókn um sérleyfið og ber að leggja slíka umsókn fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 96, 25.4.2009, bls. 39) í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvetni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð. Samkeppnisumsóknum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang.

Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og samkeppnisumsóknir verða teknar á grundvelli skilyrða fyrir úthlutun námaréttinda, sjá 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, og eigi síðar en 6. nóvember 2010.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á ákvæði 79. gr. og gr. 79.1 í námalögum („code minier“) og tilskipunar 2006-649 frá 2. júní 2006 um námavinnslu og geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (*décret relatif aux travaux miniers, aux travaux de stockage souterrain et à la police des mines et des stockages souterrains*) (*Journal officiel de la République française* frá 3. júní 2006).

Um nánari upplýsingar vísast til: Ministère de l'écologie, de l'énergie, du développement durable et de l'aménagement du territoire (Direction générale de l'énergie et climat, direction de l'énergie, Sous-direction de la Sécurité d'Approvisionnement et des Nouveaux Produits Energétiques, bureau exploration production des hydrocarbures), 41, boulevard Vincent Auriol, 75703 Paris Cedex 13, FRANCE (sími +33 153941481, bréfasími +33 153941440).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á slóðinni <http://www.legifrance.gouv.fr>

Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til ákvæða 2009/EES/24/06 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni

Efnahagsráðherra gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til kolvetnisvinnslu á svæði í sýslunni Friesland, og liggur línan milli punktanna 3 og 4 að vestri mörkum Gorredijk-vinnslusvæðisins.

Hnitpunktar svæðisins, sem um ræðir, eru sem hér segir:

	X	Y
Punktur 1	174 450,00	559 650,00
Punktur 2	179 900,00	560 750,00
Punktur 3	183 450,00	561 231,79
Punktur 4	172 746,50	545 447,70
Punktur 5	167 525,00	550 570,00

Hnitin eru samkvæmt kerfi Hornamælinga ríkisins (Rijksdriehoeksmeting).

Flatarmál svæðisins, sem umsóknin tekur til, er 104,6 km².

Með vísan til ofangreindrar tilskipunar og ákvæða 15. gr. námálaga („Mijnbouwwet“) (*Staatsblad* (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002) auglýsir efnahagsráðherra eftir samkeppnisumsóknum um leyfi til kolvetnisvinnslu á ofangreindu svæði.

Úthlutun leyfa er í höndum efnahagsráðherra. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, koma fram í námalögum („Mijnbouwwet“) (sjá *Staatsblad* nr. 542, 2002).

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (30.4.2009) og ber að senda þær efnahagsráðherra:

De minister van Economische Zaken
ter attentie van drs. J.C. De Groot
directeur Energiemarkt
ALP A/562
Postbus 20101
2500 EC Den Haag
Nederland

Umsóknir, sem berast eftir að fresturinn rennur út, verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar fást í síma +31 703.797.382 (tengiliður: P.C. de Regt).

**Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til ákvæða 2009/EES/24/07
2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir
veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

Efnahagsráðherra gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæði F12, sbr. kortið sem birt er í 3. viðauka við námareglugerð („Mijnbouwwet“) (sjá *Staatscourant* (hollenska lögbirtingablaðið) nr. 245, 2002).

Með vísan til ofangreindrar tilskipunar og ákvæða 15. gr. námálaga („Mijnbouwwet“) (*Staatsblad* (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002) auglýsir efnahagsráðherra eftir samkeppnisumsóknum áhugaaðila um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæði F12 á hollenska landgrunninu.

Úthlutun leyfa er í höndum efnahagsráðherra. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, koma fram í námalögum („Mijnbouwwet“) (sjá *Staatsblad* nr. 542, 2002).

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (30.4.2009) og ber að senda þær efnahagsráðherra:

De minister van Economische Zaken
ter attentie van drs. J.C. De Groot
Directeur Energiemarkt
ALP A/562
Postbus 20101
2500 EC Den Haag
Nederland

Umsóknir, sem berast eftir að fresturinn rennur út, verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar veitir hr. P.C. de Regt í síma +31 703.797.382.

Sértæk auglýsing eftir tillögum – EAC/24/09

2009/EES/24/08

Háskólasamningur Erasmus-áætlunarinnar

Áætlun um símenntun

1. Markmið og lýsing

Háskólasamningur Erasmus-áætlunarinnar myndar almennan ramma utan um Evrópusamstarf sem æðri menntastofnanir geta skipulagt á grundvelli Erasmus-áætlunarinnar sem þátt í áætluninni um símenntun. Háskólasamningur Erasmus-áætlunarinnar er forsenda þess að æðri menntastofnun geti skipulagt námsmannaskipti og starfsmannaskipti, boðið kappseminámskeið í tungumálum og kappsemisáætlanir samkvæmt Erasmus-áætluninni og sótt um stuðning við fjöhlíðaverkefni, tengslanet og hliðarráðstafanir og skipulagt undirbúningsheimsóknir. Háskólasamningur Erasmus-áætlunarinnar byggist á ákvörðuninni um áætlun um símenntun⁽¹⁾ sem tekur til áraanna 2007 til 2013. Sértæk markmið áætlunarinnar um símenntun eru talin upp í 3. mgr. 1. gr. ákvörðunarinnar.

2. Hlutgengir umsækjendur

Allar æðri menntastofnanir, sem falla undir skilgreininguna í 10. mgr. 2. gr. ákvörðunarinnar, geta sótt um háskólasamning Erasmus-áætlunarinnar.

Umsækjendur verða að koma frá einu eftirtalinna ríkja:

- Einu ríkjanna 27 sem eiga aðild að Evrópusambandinu (miðað er við 1. janúar 2007),
- einu EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES (Íslandi, Liechtenstein eða Noregi),
- eða einu eftirtalinna ríkja sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu (Tyrklandi, Króatíu eða Makedóníu, fyrrverandi lýðveldi í Júgóslavíu).

⁽¹⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1720/2006/EB frá 15. september 2006 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins á sviði lýðheilsu. Sjá <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:327:0045:0068:EN:PDF>.

3. Umsóknarfrestur

Frestur til að skila inn umsóknum um háskólasamning Erasmus-áætlunarinnar er til 30. júní 2009.

4. Nánari upplýsingar

Upplýsingar um Erasmus-áætlunina – háskólasamning Erasmusáætlunarinnar er að finna í heildartexta opinnar auglýsingar eftir tillögum (*LLP General Call for proposals 2008–2010*) og leiðarvísi fyrir áætlunina (*LLP Programme Guide*) ⁽¹⁾ en bæði skjölin eru birt á lýðnetinu á eftirfarandi slóð:

<http://ec.europa.eu/llp>

Umsóknir ber að leggja fram á eyðublöðum sem framkvæmdastofnun áætlunarinnar (EACEA) leggur til og unnt er að nálgast á eftirfarandi slóð:

http://eacea.ec.europa.eu/llp/index_en.htm

**Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 2009/EES/24/09
1. mars 2009 til 31. mars 2009**

Birt hefur verið yfirlit um ákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru í mars 2009, sjá [Stjórnartíðindi Evrópusambandsins C 101, 1.5.2009](#) (bls. 3 og bls. 14).

⁽¹⁾ Frestur til að skila inn umsóknum á grundvelli háskólasamnings Erasmus-áætlunarinnar er til 30. júní 2009.